

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 320/2019

2020/EES/14/48

frá 13. desember 2019

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingun sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 fellir úr gildi, frá 1. janúar 2021, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá 1. janúar 2021.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Viðauka XX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21apg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012):
„– **32018 R 2066**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 (Stjtið. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 21api (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/389/ESB):
„21apj. **32018 R 2066**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtið. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).
21apk. **32018 R 2067**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingun sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 94).“
3. Texti liðar 21apf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2012) fellur brott.
4. Texti liðar 21apg (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 601/2012) fellur brott frá og með 1. janúar 2021.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 94.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2018/2066 og (ESB) nr. 2018/2067, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.